



Borgarráð

Niðurstöður fyrsta fasa í alþjóðlegu samkeppninni Reinventing Cities

Matsnefnd um innsendar tillögur í alþjóðlegu samkeppninni Reinventing Cities hefur farið yfir umsóknir í fyrsta fasa verkefnisins í samráði við ráðgjafa borgarinnar og fulltrúa C40 í París. Að þessari yfirferð lokinni gerir starfshópur borgarinnar það að tillögu sinni að átta teymum verði boðið að halda áfram í annan fasa verkefnisins:

Frakkastígsreitur: Þrjú teymi

Lágmúli: Tvö teymi

Malarhöfði: Þrjú teymi

Áframhaldandi vinna er í höndum teymanna en skil á fasa tvö eru í byrjun 2019 og búist er við í febrúar/mars.

Greinagerð: Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg óski eftir því að taka þátt í verkefninu Re-Inventing Cities á vegum C40 og leggi fram þrjár lóðir þar sem kallað verði eftir framúrskarandi uppbyggingarverkefnum, bæði frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Umræddar lóðir eru við Frakkstíg/Skúlagötu, á Ártúnshöfða og við Lágmúla 2/Suðurlandsbraut. Í kjölfarið var haldin kynningarfundur um verkefnið í fyrri hluta mars og viðkomandi þróunarlóðir auglýstar á heimasíðu C40.

C40 eru samtök yfir 90 stórborga sem vinna saman í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í þessum borgum búa yfir 650 milljónir manns og þær standa fyrir fjórðung alls fjármagns heims.

Fyrr á þessu ári hafði Anne Hidalgo, borgarstjóri Parísar, sem er í forsæti C40 frumkvæði að því að halda uppbyggingarsamkeppni, Reinventing Cities, undir merkjum C40. Markmiðið með samkeppninni er kalla fram lausnir og leita til uppbyggingar á umhverfisvænum byggingum/verkefnum sem sýna bestu lausnir á sviði sjálfbærni, umhverfisgæða og minna kolefnisfótspors, ásamt því að styðja við góða borgarþróun. Fyrirmyndin er vel heppnað verkefni Reinventing Paris sem hleypt var af stokkunum 2015.

Þann 20. ágúst síðastliðinn samþykkti borgarráð erindisbréf starfshóps sem falið var að halda utan um ferlið fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Um er að ræða tveggja þrepa samkeppni þar sem aðilar leggja í fyrsta fasa fram grófari hugmyndir að mögulegri útfærslu bygginga á reitnum ásamt upplýsingum um bakgrunn teymis. Reglur samkeppninnar eru að stóru leyti tilkomnar frá C40 en heimaborgir hafa innan þeirra ákveðinn sveigjanleika til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað.

Umsóknarfrestur rann út í lok maí og komu á annan tug umsókna um reitina þrjá.

Í öðrum fasa vinna teymin tillögu að skipulagi og útliti bygginga á reitnum ásamt tillögu að kaupverði. Einnig leggja þau fram gögn sem staðfesta getu aðilans til þess að fjármagna verkefnið.

Gert er ráð fyrir að sigurtillagan á hverjum reit fái í kjölfarið úthlutaðri viðkomandi lóð til þess að byggja umrætt verkefni.

Óli Jón Hertervig

